

4. gr.

Háskóli Íslands skal, tíunda hvert ár, veita verðlaun úr sjóðnum til vísindalegra ritgerða náttúrufræðilegs efnis um Vestmannaeyjar eða vísindalegra rannsókna þar um sama efni, og má verja til þess vöxtum þeim, sem safnast hafa á tímabilinu, að frádregnum vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól.

Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinni árið 1950. Þó er það skilyrði, að ritgerðin eða rannsóknin sé að áliti háskólans verðlauna verð. Sé svo ekki, leggjast vextirnir við höfuðstólinn, þar til skilyrðunum er fullnægt.

5. gr.

Prófessorar í náttúrufræði við Háskóla Íslands skulu, þegar þar að kemur, gera tillögur um nánari tilhögun og veita verðlaunin þeim, sem til þeirra vinna.

Meðan ekki er stofnuð náttúrufræðideild við háskólann, annast háskólaráð úthlutunina.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskránni.

182

6. nóv.

A R Ð S K R Á

183

fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Víðidalssár.

12. nóv.

Nöfn jarða	Arðeiningar
Þingeyrar	400
Leysingjastaðir	8
Hagi	28
Hólabak	28
Miðhóp	22
Gröf	4
Refsteinsstaðir	18
Titlingastaðir	32
Þorkelshóll, Nýpuk. Sólb.	45
Lækjamót	19
Þórukot	8
Stóra-Ásgeirsá	19
Litla-Ásgeirsá	4
Dæli	10
Hvarf	14
Kolugil	4
Bakkakot	8
Víðidalstunga	90
Valdsrás	4
Kambshóll	4
Neðri-Fitjar	4
Stóra-Hvarf	2
Fremri-Fitjar	5
Hrisar	5
Auðunnarstaðir	32
Galtarnes og Brautarl.	38

183	Nöfn jarða	Arðeiningar
12. nóv.	Síða	25
	Litla-Borg	32
	Stóra-Borg	33
	Gottorp	27
	Ásbjarnarnes	28
		Samtals 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

184
13. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Ólafsfjarðarkauptúns er bannað að selja eða afhenda börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nefni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.